



Borgarráð

***Starfshópur um sameiginlega heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu hennar við Borgarlínu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um sameiginlega heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu hennar við Borgarlínu með vísan í hjálagt bréf frá rektor Háskóla Íslands, dags. 6. apríl 2022. Jafnframt er lagt til að borgarráð feli umhverfis- og skipulagssviði að skipa í hópinn í samráði við Háskóla Íslands.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf frá rektor Háskóla Íslands, dags. 6. apríl 2022.



|                                |
|--------------------------------|
| Málsnr.: <i>MSS 22 04 0120</i> |
| Skjalasafn Ráðhúss             |
| 12. apríl 2022                 |
| Bréfalykill: <i>09.04.03</i>   |

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjórinn í Reykjavík  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2022

Kæri Dagur.

Ég þakka fyrir góðan fund í ráðhúsi Reykjavíkur 1. apríl sl. Á fundinum ræddum við stöðu mála og næstu skref varðandi nýja heildarsýn fyrir háskólasvæðið sem unnin hefur verið á vettvangi skipulagsnefndar Háskóla Íslands, með aðkomu ytri ráðgjafa og í samráði við Reykjavíkurborg, og samþættingu hennar við Borgarlínu. Málið hefur verið kynnt víða í háskólasamfélaginu, þ.m.t. á háskólaþingi og í háskólaráði. Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 9. desember sl. tillöguna að heildarsýn fyrir háskólasvæðið og beindi því til skipulagsnefndar að vinna málið áfram í samráði við borgina með það að markmiði að formgera skipulagssýnina í ramma sem hægt verður að vinna eftir á næstu árum.

Nú standa yfir miklar framkvæmdir á háskólasvæðinu, s.s. bygging Húss íslenskunnar sem áætlað er að taka í notkun á næsta ári, undirbúningur nýs húss fyrir heilbrigðisvísindin, uppbygging Vísindagarða í Vatnsmýrinni og flutningur Menntavísindasviðs í Sögu. Nýtt heildarskipulag ásamt þessum framkvæmdum og tilkomu Borgarlínu á háskólasvæðið munu hafa mikil áhrif á nýtingu og ásýnd háskólasvæðisins og nærliggjandi byggðar á næstu árum. Mikil tækifæri felast í því að formgera græna samgönguása þvert á svæðið í tengslum við áformaðar borgarlínustöðvar og styrkja þannig tengsl við nálæga byggð. Í þessu sambandi má einnig nefna hugmyndir um breytta nýtingu Hagatorgs og framkvæmdir í tengslum við Hagaskóla sem mikilvægt er að kallist á við framangreinda heildarsýn, mótun og uppbyggingu grænna ása og nýtt hlutverk Sögu.

Á fundi okkar í síðustu viku sammæltumst við um að stofnaður verði varanlegur starfshópur með fulltrúum Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar til að tryggja að framangreind sameiginleg sýn beggja aðila nái fram að ganga. Um leið og ég fagna þessum áfanga vil ég tilnefna í starfshópin af hálfu Háskóla Íslands þau þrjú sem voru með mér á fundinum, Hrund Ólöfu Andradóttur, prófessor og formann skipulagsnefndar HÍ, Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs og Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu.

Með góðri kveðju,

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands